

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Gufunesi 17. janúar 2011.

Efni: Umsögn um frv. um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum (186 mál)

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir umsögn SORPU bs. um ofangreint frumvarp. Að beiðni SORPU var umsagnarfræstur framlengdur til þess tíma er Alþingi kæmi saman aftur, sbr. tölvuskeyti frá nefndasviði Alþingis þann 20. desember 2010.

A. Afstaða stjórnar SORPU bs til frumvarpsins

Stjórn SORPU bs. ræddi umrætt frumvarp á stjórnarfundum þann 13. desember 2010 og bókaði eftirfarandi, um þann hluta frumvarpsins sem snýr að einnota drykkjarvöruumbúðum:

„Stjórn SORPU bs. leggst eindregið gegn tillögum um að stofnað verði sérstakt skilakerfi um einnota drykkjarvöruumbúðir og leggur áherslu á þá góðu reynslu sem er af núverandi fyrirkomulagi. Það er álit stjórnar SORPU bs. að sú tillaga sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins henti íslenskum aðstæðum illa m.a. í ljósi þess hve landið er fámennnt og dreifbýlt og því ekki forsundur til þess að vera mjög víða með mannaðar söfnunarstöðvar fyrir flokkaðan úrgang. Stjórn SORPU bs. leggur til að ábyrgð á meðhöndlun notaðra drykkjarvöruumbúða verði fært undir úrvinnslusjóð, eins og gert var ráð fyrir þegar lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald voru sett eigi á annað borð að breyta kerfinu. Ekki verði ráðist í það að búa til flókið regluverk og mikið skrifræði um þennan málaflokk, eins og lagt er til í frumvarpinu. Jafnframt verði leitað leiða til þess að sníða ýmsa agnúa af núverandi kerfi, sem hefur m.a. verið gagnrýnt fyrir að mismuna einstökum tegundum drykkjarvöruumbúða.“

Framkvæmdastjóra var síðan falið að ganga frá umsögn að öðru leyti.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka efnishluta frumvarpsins

B. Frekari andmæli við breytingar á kerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir

Til viðbótar ofangreindri bókun stjórnar SORPU bs. er vísað til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um einstaka þætti. Til viðbótar er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum.

Með breytingum á fyrirkomulagi vegna einnota drykkjarvöruumbúða verður núverandi kerfi lagt af og það fært í átt að því kerfi sem búið er utan um raf- og rafeindatækjaúrgang þ.e.a.s. koma á upp skilakerfum framleiðenda (einu eða fleirum). Einkaleyfi Endurvinnslunnar hf. verður þar með aflagt.

Hingað til hafa lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur gilt um þennan málaflokk. Kerfið er vel þekkt af íbúum, skilar endurvinnsluhlutfalli á heimsmælikvarða auk þess sem nokkuð góð sátt hefur verið um starfsemina. Með því að færa þetta málefni undir lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs verður ekki betur séð en verið sé að færa ábyrgð á málaflokknum til sveitarfélaganna. Þessu sést m.a. stað í tveimur greinum frumvarpsins:

2.gr. liður b er eftirfarandi ákvæði: „Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs að undanskildum drykkjarvöruumbúðum og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu“. Hingað til hafa þessar drykkjarvöruumbúðir ekki verið skilgreindar sem úrgangur nema þá blandað í og sem hluti af heimilisúrgangi. Hér eru drykkjarvöruumbúðir einar og sér orðnar að úrgangi. Þetta er undirstrikað í 6.gr.lið b en þar stendur m.a. „Hlutverk skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir er að: 1. kosta meðhöndlun drykkjarvöruumbúðaúrgangs..“. Síðasta orðið er nýtt hugtak sem ekki er skilgreint nánar.

6.gr., lið b. má finna eftirfarandi ákvæði. „Skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir skal sjá til þess að koma á söfnun og móttöku á drykkjarvöruumbúðum um land allt. Söfnunarstöðvar sem sveitarstjórnir sjá um að starfræktar séu í sveitarfélagi, sbr. ákvæði 5. mgr. 4. gr., skulu veita skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir aðstöðu fyrir móttöku á drykkjarvöruumbúðum á söfnunarstöð óski skilakerfi eftir því...“

Einnota drykkjarvöruumbúðir hafa hingað til verið á umsjá Endurvinnslunnar hf. og getur fyrirtækið gert samninga við sveitarfélögin ef svo bíður við að horfa og þannig sameiginlegir hagsmunir tryggðir. Með þessari breytingu er samningsréttur sveitarfélaganna um þetta málefni af þeim tekin og þau skylduð til móttöku án þess að kveðið sé á um endurgreiðslur skilakerfa á sannanlegum kostnaði. Hlýtur sú spurning einnig að vakna hvort löggjafinn sjái ekki fyrir sér nein tormerki á því að bæta sífelld við löginn nýjum skyldum á sveitarfélögin til þess að útvega hinum og þessum aðstöðu á söfnunarstöðvum/móttökustöðvum sveitarfélaganna. Skal bent á að af skipulagsástæðum er landrými söfnunarstöðva í flestum tilvikum mjög takmarkað.

C. Viðbætur og breytingar vegna rafhlaða og rafgeyma

Ekki eru ábendingar eða athugasemdir við þessa breytingu en mynnt á að undir frameiðendaábyrgð þarf að gera ráð fyrir kynningu og áróðri til íbúa sem eðlilegt er að framleiðendur greiði en ekki skattgreiðendur.

D. Andmæli gegn 11.-19. gr.frv. um skilakerfi fyrir raftækjaúrgang og 25. gr. um skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs

Verði frumvarpið að lögum verður stýrinefnd raftækja lögð niður og stjórn Úrvinnslusjóðs fært verkefni nefndarinnar. Með frumvarpinu er lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald breytt og kveðið á um nýja skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs og bætt við stjórnarmanni frá Félagi atvinnurekenda.

Alveg frá upphafi þess að Úrvinnslusjóður var stofnaður hafa sveitarfélögin bent á það ósamræmi sem er á skipan stjórnar Úrvinnslusjóðs. Þar situr einn sameiginlegur fulltrúi Samtaka fiskvinnslustöðva (SF) og Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), einn frá Samtökum iðnaðarins (SI), einn frá Samtökum verslunar og þjónustu (SVP) og einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga auk oddamanns sem

skipaður er af umhverfisráðherra. Samsetning stjórnarinnar er með öllu óeðlileg þar sem sveitarfélögin bera ábyrgð á úrgangsmálum. Auk þess er það í hæsta máta óeðlilegt að SF og LÍÚ skuli sitja í stjórn sjóðsins þegar þessi samtök hafa sérstaklega samið við sjóðinn um að netaúrgangur sé utan gildissviðs umræddra laga um úrvinnslugjald. Úrvinnslusjóður hefur eftirlit með ákvæðum samningsins og því þessir aðilar þá beggja vegna borðs. Ekki verður heldur séð hvers vegna þessi samtök en ekki t.d. Neytendasamtökin skipi þá sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs. Það er því sjálfsögð krafa að fulltrúi þessara aðilar víki úr stjórn Úrvinnslusjóðs og fulltrúum sveitarfélaganna verði fjölgað.

Í 21.gr núgildandi laga nr. 55/2003 er ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um greiðslur skilakerfa fyrir aðstöðu sem þau nýta á móttökustöðvum sveitarfélaganna. Gjaldskráin er sett eftir tillögu stýrinfundar (þar sem eingöngu sitja fulltrúar seljenda raf- og rafeindatækja þ.e.a.s greiðanda fyrir þjónustuna). Sú tilhögun er í hæsta máta óeðlileg enda er sú gjaldskrá sem sett var engan veginn í samræmi við raunkostnað. Þetta þarf að laga þannig að sá kostnaður lendi innan framleiðendaábyrgðar en ekki á skattgreiðendum eins og raunin er nú. Ekki vantar, að í 16 gr. frumvarpsins er ákvæði um að gjaldskrá sé sett fyrir þjónustu Umhverfisstofnunar og Úrvinnslusjóðs sem skal taka mið af kostnaði við veitta þjónustu. Er sjálfsögð krafa að samskonar ákvæði sé sett um þjónustu sveitarfélaganna við skilakerfi. Einnig má spyrja hvers vegna endurgjald fyrir aðstöðuna er ekki samningsatriði skilakerfa og sveitarfélaga en ekki þvingað gjald án tengingar við raunverulegan kostnað.

E. Námuúrgangur

Ekki eru gerðar athugasemdir að hálfu SORPU bs.

F. Andmæli gegn 3. gr. frv. um útgáfu starfsleyfa og eftirlit með förgunarstöðvum og móttökustöðvum

Í 3 gr. frumvarpsins er kveðið á um útgáfu starfsleyfa:

„Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði úrgangs. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir aðrar móttökustöðvar og aðra meðferð úrgangs....Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði.“

Óeðlilegt hiýtur að teljast að starfsleyfi fyrir meðhöndlun úrgangs og förgun sé á sitt hvorri hendinni og bíður eingöngu upp á ósamræmi og óhagræði. Nær væri að Umhverfisstofnun gæfi út öll starfsleyfi þó svo eftirlitið væri síðan framselt Heilbrigðisnefndum eða öðrum þeim sem Umhverfisstofnun ákveður að semja við um eftirlit.

Í síðari hluta ofangreindrar tilvitnunar er nýtt hugtak sem erfitt er að átta sig á þ.e.a.s. „...nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði“. Þýðir þetta t.d. að Umhverfisstofnun muni gefa út starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi en Heilbrigðisnefnd fyrir móttökustöð SORPU bs í Gufunesi? Hvað eru „landfræðileg tengsl“? Hvað ef einn rekstraraðili rekur t.d. brennslustöð og á lóðinni við hliðina er móttöku- og vinnslustöð annars aðila (eða jafnvel sama aðila en með aðra kennitölu)?

Ákvæðið virðist fyrst og fremst snúast um hvar starfsleyfis- og eftirlitsgjöld lenda og er það á kostnað samræmis og heildarhagsmuna.

Sú breyting er fyrirhuguð með frumvarpinu að umhverfisráðherra gefi út landsáætlun í stað Umhverfisstofnunar. Í frumvarpinu er kveðið á um að landsáætlun skuli gefa út til 12 ára í senn en á a.m.k 6 ára fresti skal meta hvort þörf sé á endurskoðun. Sama á við um svæðisáætlanir sveitarfélaganna. Er þetta mjög til bóta og í samræmi við breytingar sem sveitarfélögin hafa kallað eftir.

G. Fjárhagslega áhrif á sveitarfélögin

Í frumvarpinu felast veigamiklar breytingar á framkvæmd úrgangsmála sem í sumum tilvikum hafa áhrif á skyldur sveitarfélaga. Þar sem sveitarfélögin fara með viðamikið hlutverk samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs er það álit SORPU bs. að skylt sé að meta fjárhagsleg áhrif frumvarpsins gagnvart sveitarfélögum. SORPA vekur því athygli umhverfisnefndar á því að slík umsögn fylgir ekki frumvarpinu og er þess eindregið óskað að nefndin kalli eftir henni frá umhverfisráðuneytinu. Jafnframt vill sambandið vekja athygli umhverfisnefndar á því að við setningu laga um meðhöndlun úrgangs árið 2003 varð að samkomulagi að bætt var við lögum bráðabirgðaákvæði II er hljóðar svo:

„Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð sex mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlandis og á Evrópska efnahagssvæðinu. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um hvernig kostnaðinum verði mætt. Tilnefningaraðilar skulu bera kostnað vegna fulltrúa sinna í nefndinni.“

Þrátt fyrir eftirrekstur af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nefnd sem starfa átti á grundvelli ofangreinds ákvæðis verið lítt starfhæf undanfarin ár og skortir mjög á að nefndin hafi uppfyllt þau markmið að meta hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Í ljósi þessa sjálfsagt að fara þess á leit að umboð nefndarinnar verði framlengt til a.m.k. 31. desember 2012. Jafnframt er mælt til þess að umhverfisnefnd og umhverfisráðuneyti tryggi að nefndin verði starfhæf og að nefndin ljúki sínum verkefnum innan þess frests sem henni verður veittur.

Virðingarfyllt,

f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri